

LEIKSKÓLINN FURUGRUND



STARFSFÁÆTLUN 2025-2026

Efnisyfirlit	
Formáli.....	2
1. Inngangur	2
2. Skólastarfið/Leiðarljós.....	2
3. Mat á skólastarfi	3
3.1 Innra mat leikskólans.....	3
3.2 Ytra mat	4
4. Umbótaáætlun	6
5. Áherslur í starfi leikskólans.....	6
6. Þróunar- og nýbreytnistarf	6
7. Foreldrasamstarf	8
7.1 Foreldraráð	8
7.2 Foreldrafélag	8
8. Starfsfólk.....	8
9. Símenntunaráætlun.....	9
10. Skipulagsdagar.....	9
11. Aðrar upplýsingar	10
12. Húsnæði og lóð.....	11
13. Öryggismál.....	14
14. Lokaorð	14
15. Fylgigögn.....	15
Fylgiskjal 1 -Umbótaáætlun.....	16
Fylgiskjal 2 -Símenntaráætlun	19
Fylgiskjal 3 - Umbótaáætlun 2024-2025 – Markmiðum sem var náð	21
Fylgiskjal 4 - Skóladagatal 2025-2026.....	25
Fylgiskjal 5 - Umsögn foreldraráðs	26

Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

1. Inngangur

Ágætlega gekk að manna leikskólann haustið 2024. Eftir stækkun og viðamiklar breytingar á skólahúsnæðinu hefur starfsmannavelta minnkað og ákveðið jafnvægi náðst. Árið 2023 var ár breytinga en eftir stækkun, er leikskólinn nú starfræktur í tveimur húsum, Furugrund eitt og Furugrund þrjú. Sumarið 2024 var farið í endurbætur á húsnæði Furugrundar eitt, skipt var um gólfefni, hurðir og skólinn málaður. Samhliða endurbótum á húsnæði þá tók gildi ný gjaldskrá fyrir leikskóla Kópavogs, þar sem miklar breytingar urðu á opnunartíma leikskólanna. Breytingarnar fólu í sér að lokað er í kringum jól og páska auk vetraleyfa í október og febrúar. Upplifun starfsmanna Furugrundar af breyttum opnunartíma er afar jákvæð. Jákvæð þróun hefur einnig orðið á vistunartíma en um 20-25% barnanna hafa verið í sex tíma vistun en það léttir álag við upphaf og lok dags, deildirnar eru ekki í hámarksnýtingu allan daginn og auðveldara er að koma fyrir undirbúningstímum. Mikil ánægja er um lokanirnar í starfsmannahópnum og eru þær á kærkomnum árstíma þegar starfsfólk og börn þurfa á hvíld að halda. Styttir vinnuvikunnar og útfærsla á henni er enn krefjandi verkefni en þrátt fyrir lokunardaga standa eftir um tíu heilir dagar í fjarveru fyrir hvern starfsmann og því oft flókið að leysa það þar sem áfram er mikil fjarvera starfsfólks án afleysingar.

Áframhaldandi áhersla var á innleiðingu uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga og þá sérstaklega áframhaldandi innleiðingu Lausnahringsins. Töluverð vinna fór í stefnumótun með það að leiðarljósi að tryggja samfellu í námi barnanna, hvernig við viljum vinna hlutina og á hvaða hátt. Töluverðar áskoranir voru í vinnu með barnahópinn en mikið bar á ofbeldi og erfiðleikum í samskiptum elstu barnanna. Farið var í að samræma reglur og stefnt var á miklar skipulagsbreytingar haustið 2025 sem nú hafi gengið í garð. Þær fólu meðal annars í sér að öll elstu börnin eru nú saman á einni deild í Furugrund þrjú. Einnig var lögð mikil áhersla á að slípa starfsmannahópinn saman og viðhalda jákvæðri og uppbyggilegri skólamenningu.

2. Skólastarfið/Leiðarljós

Einkunnarorð Furugrundar eru virðing, hlýja, öryggi og traust og eru einkunnarorðin leiðarljós okkar í öllu starfinu. Leikskólinn starfar eftir starfsaðferðum Jákvæðs aga og byggir sú stefna á sjálfsstjórnarkenningum. Þær fela í sér að horft er á orsakir hegðunar frekar en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Jákvæður agi í skólaumhverfinu einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, vinsemd og festu, þannig þroska börnin og efla með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

Innleiðing Lausnahringsins hélt áfram þetta skólaárið en er hann eitt af verkfærum uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga. Áherslan er á samskipti byggð á gagnkvæmri virðingu. Lykilatriði lausnahringsins eru

lausnirnar sjö sem eru; að stjórna sér, skiptast á, að hjálpa, bjóða öðrum að vera með, geta sagt fyrirgefðu, segja stopp og bjóða knús. Þetta eru samskiptareglur sem börnin setja sér með hjálp hinna fullorðnu. Teljum við lausnarhringinn vera afar gagnlegt verkfæri við að skapa vellíðan í barnahópnum. Hafa börnin tekið lausnahringnum afar vel og nýtt sér hann mjög markvisst í leikskólanum sem og heimavið. Einnig er hann samfléttaður Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna en Furugrund er Réttindaskóli og á það því vel saman.

Furugrund er einn af fimm fyrstu skólum í heiminum á leikskólastigi til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skólastarfið sitt. Skólinn byggir starf sitt á lykilhugtökum barnasáttmálans sem eru umhyggja, vernd og þátttaka.

Mikil áhersla er lögð á að öllum börnum líði vel í leikskólanum. Snemmtæk íhlutun spilar þar stóran þátt en hún felst í því að áhersla er lögð á aðgerðir með markvissum hætti ef upp koma áhyggjur af þroska barna. Snemmtæk íhlutun er hugsuð til að stuðla að þroskaframvindu barna, hvort sem er í máli eða örvun annarra þroskaþátta. Mikilvægt er að íhlutunin hefjist sem fyrst til að markvisst inngrip skili tilsettum árangri.

Erasmus+ hefur verið öflugt leiðarstef í starfi skólans en við höfum í mörg ár tekið þátt í Evrópusamstarfi og hefur það samstarf skilað mikilvægri skólaþróun. Síðastliðið ár var starfsfólk leikskólans þátttakandi í tveimur Evrópu verkefnum. Einu sem sneri að mikilvægi vatns í öllu lífi og bar heitið, „*Life in a drop of water*“ og öðru samstarfsverkefni kennt við Taith sem er við skóla frá Wales og snýr að vinnubrögðum, aðalnámsskrá, skráningum og stjórnsýslu. Báðum verkefnum er nú lokið og var tekin sameiginleg ákvörðun um að taka að lágmarki árs hlé frá Evrópusamstarfi.

3. Mat á skólastarfi

3.1 Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámsskrá, skólanámsskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámsskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Furugrunda eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati. Stofnað hefur verið formlegt matsteymi leikskólans sem mun sjá um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsteymi var stofnað á haustdögum 2025 en hingað til hefur það verið í höndum stjórnendateymis skólans. Í matsteyminu sitja nú: Eva Sif, Gabríela Sól, Nanna, Silvía Sól, Sigríður Sóley. Fyrsti fundur var áætlaður í október en féll niður vegna manneklu. Ákveðið hefur verið að færa fundinn fram í nóvember.

Áframhaldandi símati var sinnt á þessu skólaári þar sem farið var yfir viðburði að þeim loknum og metið hvernig þeir gengu og gerðar tillögur að endurbótum. Áfram er verið að vinna að tyllidagahandbók þar sem allir uppbrotsdagar eru tilteknir og sett upp handrit að þeim ásamt tillögum að úrbótum ár hvert. Með því móti er hægt að meta viðburði og uppbrotsdaga um leið og þeim lýkur hverju sinni.

Kópavogsbær og óháðir rannsakendur settu fram kannanir og rannsóknir á breyttu starfsfumhverfi leikskólanna. Mest í formi rafrænna kannanna en einnig í formi rýnihópa sem hluti starfsfólks voru þátttakendur í.

Innleiðing Lausnahringsins var metin og áætlað er að endurmat fari fram á skipulagsdegi í nóvember.

Breytingar urðu á Lausnateymi skólans. Álaginu var létt af deildastjórum sem voru í teyminu og nú eru starfandi í teyminu, Sif Jónsdóttir sérkennari, Sólveig Sigurvinsdóttir sérkennslustjóri og Eva Sif Jóhannsdóttir leikskólastjóri. Lausnateymið hefur hist eftir þörfum en með tilkomu lausnateymis er meiri áhersla á að nýta mannauð leikskólans áður en leitað er utanaðkomandi ráðgjafar.

Reglulegt mat barna á skólastarfinu fór fram í gegnum barnafundi. Þar voru þau spurð út í ýmsa þætti skólastarfsins og hvött til að koma með hugmyndir og ábendingar. Verkefnið Okkar Leikskóli gefur líka ágæta mynd af því hvað börnunum finnst vanta af efnivið í leikskólann en þá fá þau að velja leikföng fyrir leikskólann. Í ár var sú leið farin að hver og ein deild valdi fyrir sig fyrir ákveðna upphæð. Nýbúið er að kaupa inn leikföngin og þau því ekki komin til okkar þegar þetta er ritað.

Innleiðing á móttökusamtölum fyrir nýliða hefur staðið yfir núna í tvö ár eftir að við endurskoðuðum móttökuáætlun skólans. Móttökusamtölin hafa gefist vel og er ánægja með þau innan nýliðahópsins. Í þeim felst endurmat og umbætur þar sem fólki gefst kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri og stjórnendur fá tækifæri til að bregðast við í framhaldinu.

Starfsmannasamtöl voru í höndum deildarstjóra þetta árið og gekk misjafnlega eftir deildum að halda þeim til streitu. Sökum manneklu og anna náðist ekki að taka öll starfsmannasamtöl þetta árið. Við stefnum að því að hafa starfsmannasamtölin styttri og oftar á þessu skólaári en fyrstu samtölin eru áætluð í nóvember.

Ekki náðist að meta námsþáttinn sjálfbærni og vísindi þetta skólaárið. Stefnt er að því að meta námsþáttinn læsi og samskipti í lok skólaársins, vorið 2026.

EFI og Hljóm-2 eru skimunartæki sem notuð eru fyrir öll börn í leikskólanum. Ef matið bendir til að þörf sé á snemmtækri íhlutun eru börn sett í sérstaka Hljóm eða EFI hópa þar sem unnið er að því að styrkja málþroska þeirra og hljóðkerfisvitund. Foreldrar eru upplýstir um niðurstöðu þessara skimana í foreldraviðtölum og þau hvött til að æfa ákveðna þætti heimavið samhliða vinnunni sem fram fer í leikskólanum. Ef þörf er á er leitað til sérfræðinga menntasviðs í framhaldinu af skimun líkt og segir í handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun.

3.2 Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats á leikskólanum er gert af utanaðkomandi aðila. Í ytra mati eru meðal annars skoðuð fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Skólapúlsinn var lagður fyrir starfsmenn í mars 2025. Svarhlutfall var 70% sem telst gott. Könnunin náði yfir 21 almennan þátt og 20 sértæka þætti tengda leikskólastarfi. Helstu niðurstöður voru á þá leið að styrkleikar Furugrunda, miðað við landsmeðaltal eru margir og er skólinn oft að mælast yfir

landsmeðaltali. Helstu almennu þættirnir sem eru marktækt hærri en landsmeðaltal eru skuldbinding til vinnustaðarins, ræktun mannauðs, starfsandi, stuðningur við nýsköpun, samstarf í leikskólanum, trú á eigin getu við umönnun og kennslu barna.

Hvað varðar stjórnun er Furugrund marktækt yfir landsmeðaltali þegar það kemur að sanngjarnri forystu annars yfirmanns og valdeflandi forystu næsta yfirmanns.

Hvað varðar sérkennslu er mikil ánægja með stuðning við börn með sérþarfir innan starfsmannahópsins en 96% eru ánægðir en landsmeðaltal er 83%. Einnig er fólk mjög ánægt með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga eða 95% á meðan að landsmeðaltalið er 78%.

Þegar kemur að þeim þáttum sem mætti bæta þá upplifir 65% starfsmannahópsins sig með nægan undirbúningstíma. Er það alveg skiljanlegt þar sem áþekkt hlutfall starfsmanna er ekki með neinn skilgreindan undirbúningstíma, aðeins starfsmenn í Félagi leikskólakennara sinna undirbúningi.

Ánægja með styttingu vinnuvikunnar er einnig aðeins undir landsmeðaltali.

Einnig kom fram að tveir telja sig hafa séð einhvern annan lagðan í einelti og er það að okkar mati tveimur of mikið og munum við hvetja starfsfólk til að fylgja verkferlum varðandi slík mál

Helstu niðurstöður úr opnu spurningunum

Hvað má bæta:

- Betri mönnun
- Fækkun í barnahópnum.
- Meiri stuðning við börn með hegðunarerfiðleika.

Hvað er gott:

- Frábær starfsandi og samheldni.
- Góðir stjórnendur og faglegt starf.
- Virðing og traust í samskiptum.
- Sterk fagmennska og jákvæð ímynd leikskólans.

Skólapúlsinn var einnig lagður fyrir foreldra í febrúar 2025. Svarhlutfall var tæp 90% sem telst mjög gott. Helstu niðurstöður eru á þá leið að foreldrar lýsa Furugrund sem faglegum og hlýjum leikskóla með traustu starfsfólki. Börnin upplifa öryggi og líður vel í leikskólanum.

Í samanburði við landsmeðaltal þá stendur Furugrund sig almennt mjög vel miðað við aðra leikskóla á landsvísi. Áberandi sterk frammistaða er til dæmis varðandi stjórnun en 100% svarenda telja leikskólanum vel stjórnað og vinnubrögð starfsfólks til fyrirmyndar og er marktækur munur á samanburði við landsmeðaltal. Tengsl við starfsfólk eru einnig yfir landsmeðaltali og er það mjög ánægjulegt að sjá þar sem við leggjum mikinn metnað í foreldrasamstarf.

Einnig jókst mjög mikið á milli ára ánægja með hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu sem er ánægjulegt en mjög gott samstarf hefur verið við foreldrafélagið og erum við sífellt að auka fræðslu og samtal á milli skóla og heimilis.

Aukin ánægja er með aðstöðu leikskólans á milli ára og teljum við það vera vegna þeirra endurbóta sem staðið hafa yfir síðustu ár.

Foreldrar telja skólann vera án aðgreiningar og að öll börn fái að njóta sín. Allir foreldrar voru sammála að leikskólabyrjun hafi verið góð og var 100% ánægja með aðlögunina að leikskólanum. Heimasíða fær einnig mjög góða dóma og er yfir 96% ánægja miðað við 85% landsmeðaltal.

Einn þáttur er undir landsmeðaltali en hann er flutningur milli skólastiga og er munurinn tæp 3% sem er ekki marktækur munur en engu að síður áhugavert fyrir okkur að skoða betur.

Úr opnu spurningunum má sjá að starfsfólk er oftast nefnt sem helsti styrkleiki leikskólans, það sé faglegt, hlýlegt, metnaðarfullt og leikskólinn sé með litla starfsmannaveltu. Samantekt úr þeim svörum sem oftast komu fram:

- Börnunum líður vel og eru spennt að mæta í leikskólann.
- Samskipti og stuðningur við börn og foreldra eru almennt mjög góð.
- Gott upplýsingaflæði í gegnum Völu og vikupósta.
- Lausnamiðuð nálgun og áhersla á tilfinningalegan þroska og virðingu.
- Góð aðlögun og traust utanumhald, sérstaklega fyrir börn með sérþarfir.
- Foreldrar lýsa Furugrund sem öruggu og jákvæðu umhverfi fyrir börnin.

Skólaárið 2025-2026 verður framkvæmd vinnustaðagreining ásamt því að lögð verður fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins.

4. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Furugrund er umbótamiðuð og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjölum 1 og 3.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Helstu áherslur í starfi leikskólans eru eins og áður á áframhaldandi vinnu með Jákvæðan aga, Lausnarhringinginn og sjálfsprottinn leik barnanna. Réttindaskólaverkefnið, Yap leikfimi, Lubbi og hljóðkerfisvitund og Gefðu 5 munu einnig vera fyrirferðamikil verkefni vetrarins. Stór hluti leikskólastarfs byggir svo á samskiptum og eru einkunnarorðin leiðarljósið okkar. Virðing, hlýja, öryggi og traust.

Verkefnið Okkar leikskóli er ein af aðgerðum Kópavogsbæjar til að efla lýðræðislega virkni barna í leikskólum bæjarins. Verkefnið gengur út á að gefa börnunum í leikskólum Kópavogs ákvörðunarrétt yfir því hvernig þau vilja nýta ákveðna fjárupphæð árlega til að bæta aðstöðu þeirra í leikskólanum sínum. En það passar vel við vinnu okkar með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

6. Þróunar- og nýbreytnistarf

Deildarsáttmáli. Barnafundur verði haldinn að hausti á hverri deild þar sem börnin semja samskiptareglur deildarinnar ásamt starfsfólki. Gert í síðasta lagi í október ár hvert. Reglur séu gerðar sýnilegar bæði börnum, starfsfólki og foreldrum.

Daglegir morgunfundir barna þar sem farið er yfir dagskipulagið, hvað dagurinn ber í skauti sér. Endurskoðað um áramót.

Barnafundir verði haldnir að lágmarki einu sinni í mánuði þar sem börnin hafa rödd og geta kosið um val á hádegismat, verkefnið Okkar Leikskóli. Einnig geta þau rætt ýmis mál sem liggja þeim á hjarta og komið með ábendingar um deildina sína.

Mat elstu barnanna á leikskólastarfinu fari fram árlega. Farið sé yfir líðan barnanna í tengslum við notkun á lausnaringnum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið. Vinnuhópur hefur verið skipaður innan skólans og mun funda á fjögurra vikna fresti allt skólaárið. Leikskólinn Furugrund er eins og áður segir réttindaskóli Unicef og fékk nú á vordögum 2025 sína aðra viðurkenningu sem slíkur. Áframhald verður á því góða starfi sem við nú þegar sinnum. Einnig er stefnan tekin á að tengja verkefni Sólblómaleikskólans betur inn í þetta starf. Lögð verða verkefni fyrir starfsmannahópinn tengd barnasáttmálanum annan hvern skipulagsdag. Tengjast þau verkefni einnig vel Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Fræðsla til foreldra verði aukin í formi einblöðunga sem afhentir verða í foreldraviðtölum. Viðfangsefnið hafa nú þegar verið ákveðin og vinna er hafin. Aðeins er eftir að samræma uppsetningu og tímaramma.

Áætlun um gerð læsisstefnu og málstefnu. Vinnuhópur hefur verið skipaður. Sett hefur verið það að markmiði að ljúka gerð málstefnu fyrir skólann og innleiða hana á vorönn og á næsta skólaári að fullu. Einnig er markmið okkar að ná betri samfellu í öllu okkar starfi sem snýr að læsi, þróun hljóðkerfisvitundar og uppbyggingu orðaforða hjá börnunum. Það gerum við með gerð námsskrár fyrir hvert aldursár ásamt hugmyndabanka með verkefnum, leikjum og fleiru.

Vinnuhópur settur í tengslum við innleiðingu á Jákvæðum aga. Hittist einu sinni í mánuði. Sérgreinastjóri settur yfir innleiðingarferlinu sem hjálpar til við að setja upp fræðslu og aðstoða starfsfólk við innleiðinguna.

Matsteymi stofnað, sér um skipulagningu á símati og endurmati á leikskólastarfi.

Endurskoðun skólanámsskrár. Vinna við nýja skólanámsskrá hófst á Flúðum síðastliðið vor. Mjög góð virkni og þátttaka var í þeirri vinnu og mikill hugur í starfsmannahópnum. Næsta skref er að stjórnendur taki nú allan texta saman og hefjist handa við nýja námsskrá. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki sumarið 2026. Nýjar áherslur í aðalnámsskrá verða settar inn í nýja skólanámsskrá.

Hæfniramar í íslensku verði notaðir í leikskólanum Furugrund til að fylgjast með framvindu íslensku hjá börnum með annað mál en íslensku. Gefðu fimm verði stöðugt í gangi fyrir ákveðin fjölda barna hverju sinni og allir starfsmenn séu virkir í þeirri vinnu.

Farsældarlögin. Síðastliðinn vetur fór mikil vinna og þá sérstaklega fyrir tengilið farsældar í að innleiða frummat fyrir þau mál sem fóru í samþætta þjónustu. Vonum við að raunin verði sú að þetta skili miklu fyrir framtíð þeirra barna og fjölskylda sem þetta á við. Á síðasta ári voru 10 mál sett í samþætta þjónustu og nú á haustdögum 2025 hafa nú þegar fjögur bæst við. Markmið vetrarins er að auka aðkomu deildarstjóra að því að bjóða foreldrum upp á þennan möguleika og tryggja að fræðsla fari til foreldra um samþætta þjónustu.

Þróunarverkefni menntasviðs snýr að beinni aðkomu sálfræðings inn í leikskólana. Sálfræðingur menntasviðs mun vera með fasta viðveru í leikskólanum á tveggja vikna fresti tvo daga í senn. Þar sem hún er starfsfólki innan handar varðandi ýmis mál sem upp koma. Einnig kemur hún að málum einstakra barna eða barnahópa.

Foreldrasamtalsblöð endurskoðuð. Eiga að gera starfsfólki auðveldar fyrir að meta stöðu barna. Skilvirkari foreldrasamtöl. Bætt yfirsýn yfir alla leikskólagöngu barna og framvindu þroska þeirra. Samræmd viðmið og meiri ígrundun fagfólks ásamt tímasparnaði.

Haldið er að vissu marki utan um uppeldisfræðilegar skráningar með ferilmöppum barna og er markmiðið að endurskoða hvers konar skráningar fara í þær vorið 2025.

7. Foreldrasamstarf

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Hver deild sendir út vikulega tölvupósta til foreldra þar sem þeir eru upplýstir um hvað fór fram í vikunni og hvað er framundan í næstu viku. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri senda svo einnig út reglulega tölvupósta með hinum ýmsu upplýsingum varðandi starfið í leikskólanum. Einnig er áætlað að leikskólastjóri sendi eitt til tvö fréttabréf á önn þar sem farið er yfir það helsta sem er á döfinni og miðlað er fræðslu og gagnlegum upplýsingum til allra foreldra.

7.1 Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Skýrist á næstu dögum hverjir sitja í foreldraráði Furugrunda en þeir sem þegar hafa staðfest þátttöku sína eru: Gísli Ólafsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Sif Ómarsdóttir. Kosið er í ráðið á haustfundi leikskólans og í framhaldinu tilkynnt í tölvupósti til foreldra hverjir sitja í ráðinu. Einnig eru upplýsingar á heimasíðu leikskólans.

7.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Foreldrafélag Furugrunda er mjög öflugt og skipuleggur fjölda viðburða ár hvert í samstarfi við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Aðalfundur félagsins hefur verið mjög vel sóttur eftir að núverandi stjórn ákvað að setja upp skráningarskyldu fyrir fundinn. Nú í haust, 2025 komu um 40 foreldrar á fundinn sem verður að teljast ansi gott. Einnig hefur síðustu tvö ár verið boðið upp á stutt fræðsluerindi, nú í ár, 2025, var það Arnrún María Magnúsdóttir sem kom með hagnýt ráð um Lausnahringinn.

Í stjórn foreldrafélagsins sitja: Anna Bergljót Thorarensen, Guðmundur Már Gunnarsson, María Rúnarsdóttir, Mekkín Silfá Karlsdóttir, Melkorka María Guðmundsdóttir, Rannveig Magnúsdóttir, Steinunn Camilla Stones auk Evu Sifjar leikskólastjóra og Helgu Hönnu aðstoðarleikskólastjóra. Kosið var í nýja stjórn á aðalfundi foreldrafélagsins. Tilkynnt verður um nefndarmeðlimi í tölvupósti til foreldra auk þess sem nálgast má upplýsingarnar á heimasíðu leikskólans.

8. Starfsfólk

Í leikskólanum Furugrund er gert ráð fyrir um það bil 15 grunnstöðugildum á deildum, einu stöðugildi leikskólastjóra, sextíu prósent stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, fimmtíu prósent stöðugildi sérkennslustjóra og rúmlega tveimur stöðugildum í eldhúsi. Að auki er fyrirfram ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, uppreiknað starfshlutfall afleysingar vegna undirbúningstíma og aukin stöðugildi vegna sérkennslu. Á skólaárinu 2025-2026 verða heildarstöðugildin 31 en þar af 6 stöðugildi vegna sérkennslu. Að okkar mati er augljóst að grunnstöðugildi eru of fá og hið sama má segja um stöðugildi sérkennslustjóra. Staða sérkennslustjóra er afar viðamikil og nú síðast bættist við staða tengiliðar farsældar án aukins fjármagns.

Skólaárið 2025-2026 munu starfa í Furugrund 21 kennari, þar af þrír stjórnendur, sex deildarstjórar og tólf leikskólakennarar (einn í langtímaveikindum og einn í fæðingarorlofi). Einn þroskaþjálfari, tveir kennaranemar í meistaranámi við HÍ, þrír kennaranemar í B.ed. námi við H.Í., iðjuþjálfari (í fæðingarorlofi), 6 háskólamenntaðir leiðbeinendur og níu leiðbeinendur með margvíslega reynslu. Auk matartækis og tveggja aðstoðarmatráða.

Í Furugrund starfar einstakur mannauður. Metnaðarfullur og kappsamur hópur fólks og eru stjórnendur afar stoltir af faglegu og metnaðarfullu starfi sem þeir inna af hendi. Í fjarveru iðjuþjálfara munu Halla leikskólasérkennari og Ólafur leiðbeinandi og þjálfari halda utan um leikfimina í ár.

Móttökusamtöl fyrir nýliða eru í stöðugri endurskoðun og mikið kapp lagt á að þau haldi sér fyrsta árið í starfi fólks. Velferð á vinnustað er verkefni á vegum Kópavogsbæjar sett upp til að auka vellíðan á vinnustöðum bæjarins og hefur það gengið ágætlega.

9. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og eru þau haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða utan leikskólatíma.

Markmið okkar er að allir deildastjórar hafi lokið námskeiði í Jákvæðum aga fyrir sumarið 2026 og að lágmarki þrír kennaramenntaðir starfsmenn ljúki námskeiði í Jákvæðum aga í hvert sinn sem námskeið er haldið. Þannig ættum við að ná að lágmarki að sex starfsmenn geti á einu ári lokið þessu tveggja daga námskeiði. Nú þegar hafa báðir stjórnendur, sérkennslustjóri, fjórir deildarstjórar auk fimm kennara lokið námskeiðinu. Auk þess hafa verið haldnir styttri fyrirlestrar í leikskólanum á skipulagsdögum til að sinna fræðslu um Jákvæðan aga sem og sérstök verkfæri Jákvæðs aga, líkt og Lausnarhringinn eru útfærð og æfð á skipulagsdögum. Halla Jónsdóttir verður frá og með hausti 2025 að sinna hlutverki sérgreinastjóra til þess að meira athygli og orka verði sett á innleiðingu stefnunnar í öllu leikskólastarfinu.

10. Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórdi hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er að ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði og sækja þau sem hver og einn telur henta sér í samráði við yfirmenn.

15. september 2025

- Starfsmannafundur – praktísk atriði, undirstöðuatriði í okkar starfi, markmið skólaársins, hönnunarsamkeppni.
- Deildarfundir – skipulag haustsins og farið yfir barnahópinn.
- Systradeildarfundir – skipulag samræmt á milli systradeilda.

12.nóvember 2025

- Starfsmannfundur.
- Fræðsla til foreldra – einblöðungar kynntir öllu starfsfólki.
- Verkefni fyrir starfsfólk varðandi Barnasáttmálann.
- Leggja fyrir eða yfirfara niðurstöður könnunar um innleiðingu lausnahringsins.
- Myndskráningar – fyrir ferilmöppur barnanna kynntar – Anna Katrín.

- Æfing úr jákvæðum aga gerð, staða á deildum rædd.
- Systradeildarfundir – aðgerðir samræmdar fyrir vorönn.

19.janúar 2026

- Starfsmannafundur.
- Vinnuhópar funda.
- Systradeildarfundir – aðgerðir samræmdar.
- Deildarfundir.
- Skyndihjálparnámskeið

10.mars 2026

- Starfsmannafundur
- Unnið að nýrri skólanámsskrá leikskólans
- Fræðsla um tví- og fjöltyngi – Marta og Ágústa frá menntasviði.

15.maí 2026

- Námsþátturinn læsi og samskipti yfirfarinn.
- Ársreikningur starfsmannafélagsins yfirfarinn.
- Starfsmannafundur
- Vinna kláruð við nýja skólanámsskrá leikskólans
- Hópefli

Skráningardagar:

Vetrarfrí í leikskólanum verða:

- 27. og 28. október 2025.
- 19. og 20. febrúar 2026.

Jólafrí í leikskólanum verða:

- 29., 30. desember og 2. janúar 2025/2026.

Páskafrí í leikskólanum verða:

- 30., 31. Mars og 1. apríl 2026.

11. Aðrar upplýsingar

Gert er ráð fyrir að börnin verði 97 skólaárið 2025-2026 í Furugrund. Við fórum þá leið í ár að öll elstu börnin eru saman á deild í Furugrund 3 og aðlöguðum módelið að þeirri breytingu. Nú eru því 12 börn á Álfasteini, 12 börn á Dvergasteini, 24 börn á Mánasteini, 24 börn á Dropasteini og 25 börn á Töfrasteini. Það væri æskilegt að minnka barnafjöldi í Furugrund miðað við stærð húsnæðis en eins og í flestum leikskólum eru of mörg börn í of litlu rými. Sérstaklega hefur þar áhrif að starfsmenn eru ekki reiknaðir inn fermetra töluna líkt og gert er ráð fyrir í vinnuverndarlögum. Einnig að hér hefur ávallt verið frekar mikil sérkennsla sem þýðir að barnahópurinn er viðkvæmari fyrir stórum hópastærðum. Við gerum okkar besta í að skipta hópunum upp en á vissum tímapunktum eru öll börn og allt starfsfólk inni á deildum og verður hávaðinn oft þá ansi mikill. Af 97 nemendum eru 18 fjöltyngd eða um 19% af heildarfjölda nemenda.

Fjöldi barna í árgangi er eftirfarandi:

Fæðingarár	Fjöldi barna
------------	--------------

2020	25
2021	25
2022	23
2023	21
2024	3
Samtals	97

Vistunartími barna hefur tekið miklum breytingum á síðastliðnu ári í kjölfar breyttrar gjaldskrár og nú er um helmingur barna í 7,5 klst. dvöl á dag í leikskólanum eða minna. Þetta er þó töluvert breytilegt milli mánaða og hefur sveiflast um allt að 7%.

VOR 2025

Vistunartími	Fjöldi barna	Hlutfall
5,25 -6 klst.	23	24%
6,1-7 klst.	13	13%
7,1-7,5 klst.	13	14%
7,6 – 8 klst.	34	35%
8,1 – 8,5 klst.	13	13%
8,5–8,75 klst.	1	1%

HAUST 2025

Vistunartími	Fjöldi barna	Hlutfall
5,25 -6 klst	20	21%
6,1-7 klst	15	16%
7,1-7,5 klst	15	16%
7,6 – 8 klst	38	39%
8,1 – 8,5 klst	8	8%
8,5 – 8,75	0	0%

12. Húsnæði og lóð

Óskað var eftir að eftirfarandi framkvæmdir yrði farið í á skólaárinu 2024-2025. Yfirstrikuð atriði er það sem er nú þegar lokið. Annað færist yfir á óskir fyrir skólaárið 2025-2026.

1. Setja upp vask inn á Mánasteini í hvítu stofu
2. Skipta út blöndunartækjum í listaskála á Álfa-og Dvergasteini, eru of há til að börnin nái að þvo sér.
3. Skipta út meiri hluta af borðbúnaði í F1
4. Skjávarpi í Furugrund 3
5. Skipta út gömlum Ikea hillum fyrir hillur úr Á.Guðmundsson á Mánasteini.
6. Skipta út matarborðum fyrir börnin á elstu deildum fyrir ný borð. Erum með gömul þunglamaleg og lág borð á báðum elstu deildunum.
7. Gera við þak sem er orðið mjög slappt.
8. Skipta um útidyrhurðir og hurðarramma á F1 í báðum inngöngum barna.
9. Bísleg hjá eldhúsi og útgöngum barna – helst meðfram húsi.

Skólaárið 2025-2026 óskir um viðhald og búnað

1. Klára að skipta um dúk á Mánasteini (óklárað vegna raka í botnplötu).
2. Skipta út röngum rennihurðum sem komu gluggalausar á Mánastein og hurð að sérkennslustjóraherbergi er einnig gluggalaus en á að vera með glugga.
3. Setja upp vask inn á Mánasteini í hvítustofu.
4. Skipta út meiri hluta af borðbúnaði í F1.

5. Skipta um útidyrhurðir og hurðarramma á F1 báðum inngöngum barna. Bíslag hjá útgöngum deilda.
6. Bíslag hjá eldhúsi– helst meðfram húsi.
7. Skjávarpi í Furugrund 3.
8. Skipta út borðum og stólum á eldri deildum í F1. Eru þunglamaleg og lág borð á Mána- og Dropasteini og orðið mjög stökkt í mörgum stólum.
9. Nýjan útiskúr fyrir útileikföng vegna stækkunar skólans.
10. Skipta um þak á húsinu – (komið á áætlun sumar 2026 samkvæmt Dofra hjá Eignadeildinni).

Skýringar:

1. Ekki verið hægt að ljúka vegna þess að ekki hefur tekist að finna upptök raka í botnplötu. Klárast vonandi í haust/jóla lokun leikskólanna.
2. MJÖG MIKILVÆGT að þetta verði klárað sem fyrst. Erum að fá enn yngri börn inn á þessar deild og verðum að geta séð inn í öll herbergin. Lá ljóst fyrir að þetta væri rangt snemma sumars 2024 en hefur ekki enn verið lagað. Sama gildir með sérkennslustjóraherbergi.
3. Fer mikill tími í að sækja vatn og fjarvera frá börnum á meðan.
4. Er allt postulín núna en þyrfti að vera melamín til dæmis, vantar alveg að skipta út matardiskum, hliðardiskum, súpuskálum og öðrum skálum. Mikið af eldföstum mótum og öðru einnig búið að vera að brotna. Mjög kostnaðarsamur liður sem ekki næst að brúa aðeins með föstum innkaupum.
5. Hurðirnar úr sér gengnar og sjúskaðar, að við teljum upprunalegar. Þarf núna í frosti og kulda nánast tvo til að loka hurðinni á Dropasteini. Væri mikilvægt þegar þak verður tekið á næsta ári að skoða bíslag fyrir Dropasteins/Mánasteins inngang líkt og er við Álfastein/Dvergastein. Viljum samt alls ekki plasthurðar heldur eitthvað smekklegt í samræmi við útlit leikskólans.
6. Mjög erfitt að komast með mat á milli húsa þegar snjóar Göngustígur er mjög mjór þar sem snjó fellur niður af þaki niður á gönguleið. Skoða hvort það sé einhver leið til að gera þetta vel þegar þak verður tekið í gegn næsta sumar.
7. Vantar alveg loftfastan skjávarpa sem er til taks inn á deild og hægt að tengja í gegnum bluetooth við tölvu eða ípad til að nýta í námi barnanna sem og fyrir starfsmanna og foreldrafundi.
8. Þarf að skoða mjög vel, orðið mjög sjúkað.
9. Erum með pínulitla útigeymslu sem dugir varla fyrir það dót sem er til. Getum ekki átt nein stærri leikföng þar sem geymslan rúmar það hreinlega ekki.
10. Mjög mikilvægt að þetta verði gert eins fljótt og auðið.

Einnig var haldinn fundur með garðyrkjustjóra þar sem farið var yfir eftirfarandi óskir fyrir lóðina:

Norður garður

- Þarf að skipta út ungabarna rólunni í nýja garðinum í venjulega rólu, breyttur aldur barnahópsins.
- Vantar útiskúr fyrir útileikföng – stærri sem smærri – mjög lítil geymsla sem við höfum núna – engin breyting orðið þrátt fyrir tæplega 30 barna stækkun skólans. Leggjum til að

- hann sé staðsettur í ruslagerðinu. Eftir samtal við Friðrik kom fram tillaga að hafa hann í norður garði samtengdan grindverki við trampólín.
- Fá sandkassa á nýja leiksvæðið í norður garði. Mætti hafa hann í kringum grenitréð? Friðrik kom með þá hugmynd að hafa hann í brekkunni og minnka þar með líka hættuna sem verður af brekkunni á veturna.
- Brekkan í nýja garðinum verður mjög hál í frosti er eitthvað hægt að gera? Töluvert um slys þarna. Lagast ef settur verður sandkassi þar.
- Byggja yfir hlaðið sandbeð, við aðalinngang leikskólans – spítur/pallur? Eða einhverjar aðrar hugmyndir. Voru örfáar sígrænar plöntur sem voru grafnar upp þar sem börnin skortir sandkassa í norðurgarð. Rætt við Friðrik að setja gras/strá og blóm til að gera þetta grænna og minna kuldalegt. Ekki hugsað sem leiksvæði vegna fallhæðar. Búið að setja gras/strá.

Suður garður

- Kastalinn og stóra húsið í garðinum komið á tíma. Gólfjöl brotin.
 - Tillaga okkar, setja stóran sandkassa þar sem grasflöturinn er og hafa stórt og gott hús í honum miðjum.
- Fá sullusvæði í suðurgarði, sandkassa svæðið verði drullusvæði? Væri rosalega gaman að græja það þannig með útielðhúsi..
- Leiktæki í suðurgarði – lakk oft á tíðum illa farið. Er hægt að gera upp? Plötur á rólum, ruggutæki verst farin. Friðrik skoðar.
- Saga úr sandkassabrún fyrir litlu börnin (litla garði) svo þau geti labbað beint inn í sandkassann og hægt sé að sópa sandinum beint inn í hann.
- Skipta um hatta á ungbarnagarði mikið brotið.
- Fella ösp sem skyggir alfarið á litla garðinn. Eða er hægt að lækka hana og minnka? Litli garður í myrkri stóran hluta dags, sérstaklega á haust og vetur að morgni dags þegar garðurinn er í mestri notkun af yngstu börnunum.
- Skipta um lás á litla hliðinu? Hliðið er alltaf skakkt og skælt og virkar bara tímabundið og svo þarf að laga það. Einhver önnur lausn til?
- Þarf að fá net yfir sandkassana, Gunnsi var með þetta en segir að það sé hætta að framleiða netin. Er einhver önnur lausn. Erum að taka kattaskít daglega úr kössunum. Netið nær illa yfir kassann í ungbarnagarðinum sérstaklega vegna borðsins. [Sandkassanet skv. málsetningu – selt per m2 - Á. Óskarsson ehf.](#)
- Skoða gúmmímottur á milli rennibrautar sem er í brekkunni setja harðari og stífari mottur á það svæði.
- Holur í garði víða í grasinu – er hægt að laga það?
- Engin mold lengur á rótunum á trjánum fyrir miðjum sunnanverðum garðinum. Er hægt að bæta mold á þau? Ekki gert en rætt að setja mottur þar yfir mögulega svo börnin séu ekki að slasa sig.

Heilt yfir

- Laga brotnar spítur á grindverki hringinn í kringum húsið – yfirfara tréverkið.

- Beðið á milli skólabygginganna Furugrund 1 og 3. Hefur ekki verið hreinsað né grísað í 3 ár. Er mjög sjúkað og ljótt, mætti gjarnan taka í gegn og grísa og gera fallegt.
- Plöntur í stóru kerin fyrir utan Furugrund 3, væri frábært að fá sigrænt þar en ekki blóm, fallegt allt árið en ekki bara glæsilegt 3 mánuði á ári og svo tomt þess á milli.
- Lýsingu ábótavant í suður garði, gamlir kúplar sem þarf að skipta út og jafnvel skoða að bæta inn lýsingu þegar skipt verður um kastala og svæðið skoðað.

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggistrúnaðarmaður, öryggisvörður og einnig áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Meginmarkmið áfallaráðs er að bregðast við og halda utan um þær aðgerðir sem fara í gang þegar áfall verður.

Þar að auki er starfandi heilsuþófi í leikskólanum en hann hvetur til heilsusamlegra lífnaðarháttanna og að hugað sé að bæði andlegri og líkamlegri heilsu.

- Öryggistrúnaðarmaður: Guðlaug Ólafsdóttir
- Öryggisvörður: Eva Sif Jóhannsdóttir
- Áfallaráð: Stjórnendateymi hverju sinni

Ef börn veikjast, verða fyrir slysi eða öðrum óhöppum er haft samband við foreldra eins fljótt og hægt er. Öll slys sem verða í skólanum eru skráð í atvikaskráningakerfi Kópavogsbæjar. Á öllum deildum er öryggishringur með upplýsingum um hvert barn ásamt símanúmeri forráðamanna. Ef starfsmaður slasast er atvikið einnig skráð í atvikaskráningakerfi Kópavogsbæjar ásamt því að skýrsla er send á vinnueftirlitið. Öryggiseyðublað fyrir starfsfólk er til og er hún geymd á skrifstofu leikskólastjóra.

14. Lokaorð

Veturinn 2024-2025 gekk að mestu leyti vel og náðum við mörgum af okkar markmiðum fyrir skólaári. Veturinn var þungur hvað varðar veikindi og mikið verið að leysa hvern dag fyrir sig upp á mönnun að gera. Hefði ekki verið fyrir lokunardaga í vetrarfríum, í kringum jól og páska erum við hrædd um að staðan væri verri nú en hún er. Þung mál voru einnig í barnahópnum og elsta árið okkar sýndi mjög krefjandi og ofbeldisfulla hegðun sem mikill tími fór í að sinna og leita leiða til að stoppa af. Samræmdum við vinnubrögð okkar enn frekar í kjölfarið.

Sumt sat á hakanum á meðan annað gekk mjög vel. Nýtt leikfímikerfi er jákvæð styrking inn í starfið en þarf að aðlagja enn betur að skólanum. Áherslur á flæði í leik barnanna eru enn í mótun en mjög miklar umræður hafa skapast í starfsmannahópnum um mikilvægi leiks fyrir börn og að honum sé gefinn nægur tími í dagskipulaginu. Við finnum að hver vetur styrkir okkur sem skóla í mótun og alltaf er hægt að draga lærdóm af öllum þeim erfiðleikum sem steðja að. Eitt af einkennum okkar er að hér starfar afar metnaðarfullur hópur starfsmanna sem brennur fyrir starfinu sínu og við stöndum saman. Það er mikilvægt að finna fyrir samstöðunni.

Stefnan fyrir þetta skólaárið er afar skýr og starfsmannahópurinn stefnir í sömu átt. Áherslan fyrir þetta skólaár er á fjóra þætti. Jákvæðan aga, áframhaldandi innleiðing með skýrum markmiðum fyrir hvern aldur, læsi og málörvun sett í enn skýrari farveg og málstefna gerð fyrir skólann í heild, að koma upp matsteymi sem setur upp matsáætlun og heldur utan um innra mat skólans og að lokum áframhaldandi innleiðing á Barnasáttmálanum með enn skýrari stefnu og markmiðum fyrir hvern aldurshóp með áherslu á að tengja Sólblómaleikskólann inn í verkefnið. Einnig viljum við leggja sérstaka áherslu á þau

börn sem þurfa meiri málörvun, tví- og fjöltyngd börn þá sérstaklega með átaki í Gefðu 10 sem við aðlögum að okkar starfi og köllum Gefðu 5.

Okkur langar einnig mikið að garðurinn okkar fái andlitslyftingu í samstarfi við eigna- og garðyrkjudeild bæjarins og hefur undirrituð skilað óskum til garðyrkjustjóra auk þess að funda með honum.

Við viljum einnig halda í frábært foreldrasamstarf og styrkjum við dagleg samskipti samhliða góðu upplýsingaflæði í tölvupóstum og í Völu, með áherslu á að ná til allra foreldra.

Velliðan starfsfólks er forgangsmál. Verkefnið velferð á vinnustað verður áfram mikilvægur þáttur í að fylgjast með heilsufari og líðan starfsfólks og fólki boðin viðeigandi aðstoð þegar þörf er á. Góð líðan starfsfólks er forsenda þess að hægt sé að sinna okkar metnaðarfulla starfi á sem bestan hátt.

Með sameiginlegu átaki og skýrum áherslum göngum við inn í nýtt skólaár þar sem einkunnarorðin okkar virðing, hlýja, öryggi og traust halda áfram að vera okkar leiðarljós og akkeri á metnaðarfullri ferð okkar að gera góðan skóla enn betri.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 – Umbótaáætlun síðasta árs – markmiðum náð

Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 5 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 -Umbótaáætlun

Viðfangsefni/markmið	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Börn verði þátttakendur í að búa til samskiptareglur á hverri deild	Gert á barnafundi að hausti á hverri deild.	Október ár hvert	Deildarstjórar	Reglur hengdar upp sýnilegar börnum, starfsfólki og foreldrum á hverri deild.	X af 5 deildum hafa lokið gerð reglnanna
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins	Morgunfundir barna	Daglega	Deildarstjórar og meðlimir vinnuhóps	Daglegir morgunfundir barna fram að áramótum	Staða tekin um áramót og endurmetin
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins	Barnafundir. Val á hádegismat – 2 x á ári hver deild Okkar leikskóli. Hver deild kys um kaup á leikföngum	Gegnumgangandi allt árið – lágmark einu sinni í mánuði.	Deildarstjórar	Breytingar sem rekja má til innleggs barna	Finna fleiri leiðir til börnin geti haft bein áhrif á skólastarfið.
Börn komi að mati á leikskólastarfinu	Halda áfram að þróa leiðir fyrir mat elstu barna á skólastarfinu. Áhersla á líðan barnanna í skólanum í tengslum við lausnirnar.	Vor 2026	Matsteymi	Að börnunum líði sem best í leikskólanum og þau séu að tileinka sér lausnahringinn.	Í vinnslu. Hversu oft á skólaári? Ræða í matsteymi.
Þekking foreldra á markmiðum leikskólastarfsins og mikilvægi samvinnu varðandi þroska barnanna	Auka við fræðslu til foreldra. Útbúa einblöðunga sem fara heim í hverju foreldraviðtali.	Einblöðungar vorönn 2026.	Faghópur	Viðhorfskönnun að vori. Hvernig foreldrar upplifa einblöðungana.	Í vinnslu. Lokið vor 2026.

Efla málþroska og læsi	Vinna með Lubba, hljóðkerfisvitund og málþroska verði sýnilegri og skipulagðari. Setja inn markmið fyrir hvert aldursár. Ritmál sýnilegra í námsumhverfi. Fræðsla um málörvun til starfsfólks.	Haust 2025 og vor 2026	Læsisteymi	Sjálfsmat deilda Læsisnefnd setur upp námsskrár og hugmyndabanka	Námsskrár fyrir hvert aldursár. Í vinnslu.
Ný skólanámsskrá	Vinna að nýrri skólanámsskrá fyrir leikskólann. Fá foreldra með í yfirllestur og tækifæri til athugasemda í gegnum tölvupóst.	Skólaárið 2025-2026	Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Ný skólanámsskrá sé tilbúin fyrir enda skólaársins.	Í vinnslu. Lokið vor 2026.
Fækka teyllum/nefndum og virkja þær sem starfa	Leggja áherslu á þá vinnuhópa sem ákveðið var að sinna ættu mikilvægustu markmiðum skólaársins. Teymin hittast einu sinni í mánuði og setja sér verkefni og fylgja þeim eftir inni á deildum eða í vinnuhópnum.	Skólaárið 2025-2026	Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Jákvæður agi. Lubbi og læsi. Matsteymi. Barnasáttmálinn/sólblómaleikskóli	Halda fundartíma og virkja nefndarmenn.
Hæfnirammur í íslensku er notaður í leikskólanum Furugrund til að fylgjast með framvindu tví- og fjöltyngdra barna í íslensku.	Allt fagfólk skólans notar ný blöð til að fylla út fyrir hvert og eitt tví- eða fjöltyngt barn.	Einu sinni á önn.	Allt fagfólk.	Allir listar alltaf útfylltir fyrir foreldraviðtöl.	Í vinnslu.

Innleiðing farsældarlaga með samþættri þjónustu.	Að allt fagfólk geti boði foreldrum samþættingu.	Þegar við á	Allt fagfólk	Að allir verði öruggir með verkferla	Í vinnslu.
Þróunarverkefni menntasviðs bein aðkoma sálfræðings inn í leikskólanna.	Sálfræðingur menntasviðs mun vera með fasta viðveru í leikskólanum á tveggja vikna fresti tvo daga í senn. Þar sem hún er starfsfólk innar handar varðandi ýmis mál sem upp koma. Einnig kemur hún að málum einstakra barna eða barnahópa.	Haustönn 2025	Allt starfsfólk	Metið af menntasviði. Mál gangi hraðar í gegnum kerfið.	Endurskoðað að lokinni haustönn
Blað barnsins - foreldrasamtöl	Gera starfsfólk auðvelda fyrir að meta stöðu barna. Skilvirkari foreldrasamtöl. Bætt yfirsýn yfir alla leikskólagöngu barna og framvindu þroska þeirra. Samræmd viðmið og meiri ígrundun fagfólks. Tímasparnaður.	Haustönn 2025	Allt fagfólk	Leikni við að nýta nýju foreldraviðtalsblöðin	Í vinnslu
Uppeldisfræðilegar skráningar	Endurskoða ferilmöppur barnanna með uppeldisfræðilegar skráningar í huga	Skólaárið 2025-2026	Allt fagfólk	Handbók um ferilmöppur endurskoðuð.	Í vinnslu

Fylgiskjal 2 - Símenntaráætlun

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tíma fjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildarfundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið á vinnutíma/ yfirvinnu eftir þörfum	Deildastjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í starfi og að gefa honum tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Haust/Vor 2026	15-30. mín.pr. starfsmann	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar/Leikskólastjóri/ Aðstoðarstjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina og samtöl reglulega yfir fyrsta árið samkvæmt móttökuáætlun	Eftir áætlun	15-45 mín. per skipti	Unnið á vinnutíma	Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar	Unnið á skipulagsdegi	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskjólustjóri
Fagfólk	Fagfundir	Faglegar og fræðilegar umræður og stefnumótunarvinna	2 x á önn	2 klst. í senn	Yfirvinna	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskjólustjóri
Deildastjórar, leikskólastjóri og aðstoðarstjóri	Stjórnendafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskjólustjóri

Starfsfólk stuðningi	í	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í viku	1-1,5 klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri
Allir starfsmenn		Skipulagsdagar, jafningja fræðsla, ný ákvæði í aðalnámskrá	Inngangur að innleiðing á nýjum ákvæðum í aðalnámskrá leikskóla.	16.janúar	2 klst.	Unnið á skipulagsdag	Stjórnendateymið
Stjórnendateymið		Handleiðslufundir	Deildastjóra handleiðsla	1x í mánuði í stað stjórnendafundar	1 klst. Hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskjólustjóri
Þrír starfsmenn á hvert námskeið að lágmarki		Námskeið í jákvæðum aga	Starfsfólk tileinki sér vinnubrögð Jákvæðs aga	1 x á önn	2 daga námskeið	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarstjóri
Allir starfsmenn		Kraganámskeið	Ýmis námskeið í boði á hverri önn á vegum sveitafélaganna. Fjölbreytt viðfangsefni.	2 x önn að meðaltali	2 klst að meðaltali	Unnið á vinnutíma	Allir starfsmenn
Nýliðar		Leiðbeinandanámsekið	Til að efla nýtt starfsfólk í starfi. Að fólk tileinki sér þau vinnubrögð sem ætlast er til í leikskólum Kópavogs.	1 x önn	2 klst í hvert skipti. 4 skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarskólastjóri
Allir starfsmenn		Skyndihjálparnámskeið	Kenna starfsfóli fyrstu viðbrögð	Vorönn 2026	3 klst	Óvíst	Leikskólastjóri/ Aðstoðarleikskólastjóri
Kennarar		Kennari hjálpar kennara/Lausnateymið	Jafningafræðsla, ígrundun, samráðsfundir og lausnaleit	Eftir þörfum	1 klst að meðaltali	Unnið á vinnutíma	Lausnateymi og sérgreinastjóri

Fylgiskjal 3 - Umbótaáætlun 2024-2025 – Markmiðum sem var náð

Viðfangsefni/markmið	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Samsöngur	Allur skólinn hittist úti þegar veður leyfir einu sinni í mánuði þar sem við syngjum saman fyrirfram æfð lög.	Einu sinni í mánuði	Valdís ásamt deildarstjórum	Samsöngur fellur ekki niður.	9 skipti á ári – september-maí
Börn verði þátttakendur í að búa til samskiptareglur á hverri deild	Gert á barnafundi að hausti á hverri deild.	Október/nóvember hvert ár	Deildarstjórar	Reglur hengdar upp sýnilegar börnum, starfsfólki og foreldrum á hverri deild.	6 af 6 deildum
Þekking foreldra á markmiðum leikskólastarfsins og mikilvægi samvinnu varðandi þroska barnanna	Festa í sessi fræðslu svo sem varðandi: Dag mannréttinda barna. Samræðulestur í tengslum við lestaráttak og fleiri fasta viðburði.	Þegar við á	Faghópur.	Viðhorfskönnun að hausti/vori.	Áframhaldandi fræðsla í undirbúningi í formi einblöðunga
Kynningarfundur foreldra fyrir	Prufað var haustið 2024 að aðstoðarskólastjóri og skólastjóri hittu foreldra í litlum hópum á meðan á aðlögun barna þeirra stóð og héldu stutta kynningu á leikskólanum. Með þessu móti tryggjum við að allir foreldrar mæti á kynningarfundinn og séu upplýstir um starfssemi skólans. En brotalöm hefur	Hvert haust	Leikskólastjóri/aðstoðarskólastjóri	Allir nýir foreldrar mæti á fundinn	Gott væri að gera viðhorfskönnun foreldra til aðlögunar í október ár hvert þegar aðlögun er foreldrum enn í fersku minni. Hægt að spyrja þá líka út í kynninguna.

	verið á mætingu á kynningarfundina sem hingað til hafa verið haldnir að kvöldi til ásamt aðalfundi foreldrafélagsins.				Er einnig metið í Skólapúlsinum ár hvert.
Aðalfundur foreldrafélagsins	Á aðalfundi foreldrafélagsins var boðið til fyrirlestrar um Lausnahringinn. Mæting var töluvert mikið betri en hún hefur verið undanfarin ár. Því teljum við mjög líklegt að við höldum þessu áfram og boðum til aðalfundar með foreldrafræðslu á sama tíma. Passa þarf betur upp á tímastjórnun á þessu kvöldi og halda tímaáætlun. Gott að miða við 30. mín. kynningu frá foreldrafélaginu og ca 30-45 mín fræðsluerindi. Höfðum skráningu og tókum fram að æskilegt væri að einn mætti frá hverju barni – gera eins á næsta ári.	Haust 2024	Leikskólastjóri/ aðstoðarskólastjóri	Mæting fari áfram upp á við	Endurmat: Viðhorfskönnun að meta fræðsluna, tímasetningu fundar og fleira. Gekk mjög vel haustið 2025. 40 manns mættu og tímasetningar stóðust.
Fagfundir	Fagfundir hafa haldið sér og verið haldnir 2 á hvorri önn í ca 2. klst í senn. Sökum þess að nú er dvalartími barnanna styttri en oft áður höfum við geta byrjað aðeins fyrr eða kl. 16:00	2024/2025	Leikskólastjóri og Aðstoðarskólastjóri	Fagfundir séu uppbyggilegir og ánægjulegir og skili okkur aukinni þekkingu.	Örstutt viðhorfskönnun starfsfólks í lok hvers fagfundar.

sem er jákvætt. Það fer þó eftir því hvort fundurinn sé nýttur fyrir alla starfsmenn eða eingöngu fagmenntaða en það fer eftir umræðuefni funda hverju sinni. Síðustu fundir hafa farið í að undirbúa fræðslu sem við viljum koma á framfæri til foreldra í foreldraviðtölum. Ný fræðsla í hverju viðtali, fer eftir árgangi og önn.

Gera skipulag um Stundum afurðir hvað verður tekið fer eftir því hvað fyrir hverju sinni er verið að fyrir hvert skólaár. ræða.

Styrkja fagmennsku kennara.

Fara yfir örfyrirlestra frá Guðrúnu Öldu Harðardóttur með öllum starfsmannahópnum. Kynna ný hugtök til sögunnar. Hafa sem hluta af fagfunda umræðu sem og á skipulagsdögum.	Allir starfsmenn þekki ný hugtök sem koma fram í Aðalnámsskrá.	Skólaárið 2024/2025	Leikskólastjóri /Aðstoðarleikskólastjóri	Allir skrái að þeir hafi hlustað á fyrirlestrana.	Nota skipulagsdag 16.maí og fagfundi fram að því til að forvinna.
Stjórnendadagur	Síðustu tvö ár hefur stjórnendateymið haft stjórnendadag að vori þar sem farið er yfir skólaárið og grunnur lagður að skólaári næsta árs. Hafa þessir dagar verið mjög nauðsynlegir og mikilvæg vinna farið þar fram. Viljum við gjarnan halda þessu fyrirkomulagi áfram.	Vor 2025	Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Sýnileg fundargerð til starfsmanna.	Stutt viðhorfskönnun til stjórnendadagsins.
					Mjög mikil ánægja meðal stjórnenda um stjórnendadaginn.

Fræðsla fyrir starfsfólk	Virkja starfsfólkið í að hafa áhrif á hvaða fræðsla er í boði.	Haust 2025	Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Nýta skoðanir fólks til að koma til móts við þarfir	Send var út viðhorfskönnun til starfsmanna og spurt út í hvaða fræðslu fólki finnst það vanta.
	Árleg könnun	Árlegt			
Lausnarteymi er starfrækt í Furugrund og geta allir starfsmenn fyllt út beiðni og óskað eftir aðkomu lausnateymis. Lausnateymið fundar alltaf þegar beiðnir berast. Í framhaldinu fer málið í könnun innan leikskólans og svo tekur verklag snemmtækar íhlutanar við í framhaldinu.	Að búið sé að nýta alla þekkingu innanhúss áður en kallað er til sérfræðinga. Að létta á álagi á sérkennslustjóra. Að búið sé að reyna úrræði og gera skráningar þannig að beiðnir til Menntasviðs séu hnitmiðaðar og skýrar.	Árlegt	Allir starfsmenn	Lausnateyminu berist beiðnir reglulega yfir skólaárið.	Innleiðingu lokið áframhaldandi vinna við að hvetja fólk til að nýta sér.

Fylgiskjal 4 - Skóladagatal 2025-2026

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla: Furugrund

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumarlökun	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F Nýársdagur	1 S	1 S Forðrassantí TÍO í þessari viku	1 M Skrifingsdagur	1 F Vinterþingdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ Forðrassantí AÍO í þessari viku	2 F Skrifingsdagur	2 M	2 M	2 F Skrifdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Þingdagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Fíddagur verðunarmanna	4 F	4 L	4 Þ	4 F Jóladagur á dögum	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Ólafshátíð barna	4 L
5 Þ Sumarlökun	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Þingdagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M Sumarlökun	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrettándinn/ vasóðisdagur	6 F Dagur helvöðlens	6 F	6 M Annar í Þingum	6 M	6 L	6 M
7 F Skólinn opnar kl: 13:00	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ Skólinn lokar kl: 13:00
8 F Aðlögun mjóla barna hefst	8 M	8 M	8 L Þriðjudagur gegn einelli	8 M	8 F	8 S	8 S Forðrassantí MÍO í þessari viku	8 M	8 F	8 M	8 M Sumarlökun
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 S	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F Sumarlökun
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ Skrifingsdagur	10 F	10 S	10 M	10 F Sumarlökun
11 M Aðlögun á milli deilda hefst	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F Sumarhátíð	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M Skrifingsdagur	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F Dagur staðfræðinnar	13 M	13 M Forðrassantí S 15-9:30	13 L	13 M Sumarlökun
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F Uppfyllingisdagur	14 S	14 Þ Sumarlökun
15 F	15 M Skrifingsdagur	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F Skrifingsdagur	15 M	15 M Sumarlökun
16 L	16 Þ Dagur íslenskra náttúra	16 F	16 S Dagur íslenskra tungu	16 Þ	16 F	16 M Þósdagur	16 M Forðrassantí MÍO í þessari viku	16 F	16 L	16 Þ	16 F Sumarlökun
17 S	17 M	17 F	17 M	17 L	17 M	17 Þ	17 Þ Spengisdagur	17 F	17 S	17 M Jóhannsdagurinn	17 F Sumarlökun
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M Skrifingsdagur	19 F Skrifingsdagur	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur í ættfélöndu barna	20 L	20 Þ	20 F Skrifingsdagur	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M Sumarlökun
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ Sumarlökun
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S Korisdagur - upphaf Góðu	22 M	22 F	22 M	22 M Sumarlökun
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þorlákssessa	23 F Skrifingsdagur/Þorlákshátíð	23 M	23 M Forðrassantí DÍO í þessari viku	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F Sumarlökun
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S Hlífasmundagur	24 M	24 F Sumarlökun
25 M	25 F	25 L Þriðri vetrardagur	25 Þ	25 F Jóladagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hlífasmundum	25 F	25 L
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F Annar í þingum	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M Skrifingsdagur	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M Sumarlökun
28 F	28 S	28 Þ Skrifingsdagur	28 F Lestrarhátíð fyrir með	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Sumarlökun
29 F	29 M	29 M	29 L Forðrassantí DÍO í þessari viku	29 L	29 M Skrifingsdagur	29 F	29 S Hlífasmundagur	29 M	29 F	29 M	29 M Sumarlökun
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Skrifingsdagur	30 F		30 M Skrifingsdagur	30 F	30 L	30 Þ	30 F Sumarlökun
31 S		31 F Þingáttarfundur		31 M Gamli ádagurinn	31 L		31 Þ Skrifingsdagur		31 S		31 F Sumarlökun

Fylgiskjal 5 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs Furugrunda um starfsáætlun 2025/2026

Foreldraráði er falið skv. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 að gefa umsögn um starfsáætlun leikskóla, en leikskólastjóri lagði fram starfsáætlun til foreldraráðs Furugrunda þann 5. nóvember síðastliðinn. Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlunina og fagnar því að fá tækifæri til þess að lesa yfir og veita umsögn um starfsáætlun Furugrunda.

Starfsáætlunin lýsir vel því metnaðarfulla starfi sem unnið er á leikskólanum og sýnir sig best í þeim frábæra starfsmannahóp sem þar starfar. Leikskólinn hefur bæði ótrúlega hátt hlutfall fagmenntaðra kennara og hefur haldið vel í leiðbeinendum. Ráðið tekur vel eftir samstöðu starfsfólks og góðri samvinnu. Við tökum einnig undir það að foreldrasamstarf og upplýsingaflæði er gott. Einkunnarorðin virðing, hlýja, öryggi og traust eiga vel við.

Starfsáætlunin fer vel yfir þær áherslur leikskólans að styðja við frjálsan leik barnanna, nýta hugmyndafræði jákvæðs aga og Lausnahringsins ásamt því að vera réttindaleikskóli UNICEF. Áherslur í leikfimi og hreyfingu, málörvun og málþroska og móttöku og málörvun fyrir fjöltyngd börn kemur skýrt fram í áætluninni.

Foreldraráðið leggur mikla áherslu á að Kópavogsbær taki mið af og verði við þeim viðhaldsókum sem koma fram í starfsáætlun enda mikil þörf á að fljótt sé brugðist við.

Ráðið fagnar frábæru samstarfi starfsfólki leikskólans og foreldrafélagi leikskólans sem hefur bæði alið af sér skemmtilegar hefðir sem börnin njóta ár frá ári og skemmtilegum nýjungum í bland ásamt fræðslu fyrir foreldra.

Auk þeirra markmiða sem sett eru fram í starfsáætlun leggur foreldraráð fram tillögu að systkinaforangangur verði aftur tekinn upp hjá Kópavogsbæ. Það væri í takt við barnvænt samfélag að börn komist inn í sama leikskóla og systkini þeirra eru í.

Kópavogur, 13. nóvember 2025

F.h. foreldraráðs leikskólans Furugrunda